



Reykjavík, 20. október 2009

Stjórn Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar gaf frá sér ályktun í apríl síðastliðnum þar sem því er mótmælt að sr. Gunnari Björnssyni, sóknarpresti á Selfossi, sé gert kleyft að snúa aftur til starfa. Í ljósi þess sem fram kemur í dómsgögnum þykir okkur framkoma hans við unglingsstúlkur í söfnuðinum brjóta í bága við þær siðareglur sem að æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar starfar eftir, sem og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Pann 29. apríl s.l. sendi ÆSKP erindi til siðanefndar Prestafélags Íslands þar sem sambandið óskaði eftir því að nefndin fjallaði um mál sr. Gunnar Björnssonar í ljósi þeirrar kröfu okkar að hann snúi ekki til starfa við söfnuðinn á ný. Í erindinu rökstyður stjórnin afstöðu sína með tilvísunum í siðareglur Prestafélags Íslands (greinar 2.3, 2.4 og 2.9).

2.3 Prestsvígslan leggur prestum sérstakar skyldur á herðar í afstöðu og viðmóti við aðra. Presturinn gerir sér því far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur hans og samviska bjóða hverju sinni. Hann ber og sérstaka ábyrgð gagnvart þeim sem minna mega sín og standa höllum fæti í tilverunni.

2.4 Sálgæsla byggist á virðingu og trúnaðartrausti og er því sérstaklega viðkvæm og vandmeðfarin. Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, s.s. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú með öðrum hætti.

2.9 Prestur ber ábyrgð á að rækja embætti sitt eftir gildandi lögum og kirkjusíðum. Hann er fulltrúi kirkju sinnar og stéttar. Hann gætir þess í starfi og einkalífi að hafa virðingu kirkjunnar og sóma stéttarinnar í heiðri.

Siðanefnd P.Í. er skipuð tveimur prestum í íslensku Þjóðkirkjunni og forstöðumanni Siðfræðistofnunnar Háskóla Íslands. Nefndin framkvæmdi ekki eiginlega rannsókn á málinu heldur tók afstöðu til þess hvort að sr. Gunnar Björnsson hafi gerst sekur um brot á siðareglum út frá erindi ÆSKP og þess sem þegar telst sannað í dómsgögnum í máli hans.

Samdóma álit siðanefndar er að „hegðun sr. Gunnars í ofangreindum tilvikum brjóti í bága við siðareglur P.Í. einkum greinar 2.3 og 2.4.“ Að auki segir í álitni nefndarinnar að gera verði „sérstakar kröfur til presta um nærfærni í samskiptum við börn og unglinga ... [og] í þessu ljósi eru kossar og faðmlög við unglinga vandmeðfarin háttsemi.“ Með tilvísan í dómskjöl telur nefndin að hátterni sr. Gunnars brjóti „í bága við siðareglur P.Í. þar sem presturinn er sálusorgari skjólstæðinga sinna en ekki öfugt“ og að hátterni hans gagnvart stúlkunum „ekki síst í ljósi aldurs þeirra og stöðu, er því að mati siðanefndar presti ekki sæmandi.“

Stjórn ÆSKP fagnar úrskurði siðanefndar þar sem tekið er undir sjónarmið ÆSKP og afdráttarlaus afstaða er tekin til þess að um siðferðisbrot er að ræða. Hinsvegar harmar stjórn ÆSKP að ekki er tekið tillit til 6.gr siðareglna félagsins þar sem siðanefnd er gert að skilgreina alvarleika brotsins og beita tilteknum viðurlögum sem annað hvort eru áminning eða vísun málsins til stjórnar P.Í. þar sem tekin skal ákvörðun um hvort viðkomandi aðila verði vísað úr fagfélaginu.

6.gr

Hafi sá er kærður er verið félagsmaður P.Í. þegar meint brot er talið hafa verið framið, þá skal siðanefnd P.Í. fjalla um málið. Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brot er ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi presti áminningu. Ef brotið er alvarlegt eða mjög alvarlegt vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt álitinu. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum, stjórn P.Í. , biskupi Íslands og vígslubiskupum kynntar álitstærðir siðanefndar.

ÆSKP hefur þegar sent siðanefndinni svar þar sem óskað er eftir því að hún taki afstöðu til alvarleika málsins með þeim viðurlögum sem þegar hafa verið tilgreind.

Það er Æskulýðssambandinu mikið hagsmunamál að sr. Gunnari verði ekki gert kleyft að snúa aftur til starfa og snertir það bæði æskulýðsstarf Selfosskirkju og vegur að öllu æskulýðsstarfi inna íslensku Þjóðkirkjunnar. Æskulýðsstarf Selfosskirkju er formlegur aðili að ÆSKP og hefur mál sr. Gunnars haft víðtækar afleiðingar fyrir starf safnaðarins. Sóknarnefnd Selfosskirkju hefur m.a. lýst aðstöðu sinni og áhyggjum af klofningi í söfnuðinum og þeim skaða sem orðið hefur á „því þróttmikla barna- og unglingastarfi sem upp hefði verið byggt á undanförunum áratugum.,,

Eitt af meginhlutverkum ÆSKP er að stuðla að öryggi barna og unglunga í æskulýðsstarfi og hefur sambandið með ýmsu móti unnið að því tryggja öryggi skjólstæðinga sinna. Þá vinnur sambandið eftir *Siðareglum fyrir starfsfólk í kristilegu æskulýðsstarfi* sem allt kristilegt æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar starfar eftir. (Biskupsstofa 2003)

Æskulýðsstarfsfólk kirkjunnar þarf að geta treyst því að starfsvettvangur þeirra bjóði börnum- og unglingum öruggt og heilbrigt umhverfi þar sem allir sitja við sama borð. Nauðsynlegt er að brugðist sé við í þessu og sambærilegum málum sem komið geta upp svo að ekki myndist óvissa um öryggi ungmenna. Í nýlegri grein eftir Dr. Arnfríði Guðmundsdóttir *Kirkjan sem öruggur staður* (<http://tru.is>) er velt upp þeirri spurningu hvert sé eðli kirkjunnar og hvort hægt sé að gefa afslátt af þeirri kröfu að börn og unglingar séu örugg í starfi hennar. Afstaða stjórnar ÆSKP er samhljóma niðurstöðu dr. Arnfríðar að það sé kirkjunni hið mesta hagsmunamál að vera slíkur vettvangur öryggis og skjóls og að ekki megi tefla því öryggi í tvísýnu með aðgerðaleysi.

Stjórn ÆSKP veltir því fyrir sér hversvegna siðanefnd P.Í. hafi ekki lokið málinu líkt og reglur fagfélagsins kveða á um og fer fram á það við siðanefnd að hún taki afstöðu til alvarleika brotsins í samhljóðan við 6. grein þeirra starfsreglna sem áður hefur verið vísað í enda sé henni það skylt samkvæmt 5. grein sömu starfsreglna.

5.gr

... Siðanefnd er skylt að ná fram niðurstöðu og má ekki vikja frá máli fyrr.

Okkur þykir ljóst að sr. Gunnar Björnsson hafi brugðist trausti ungmenna og sóknarbarna sinna og sýnt alvarleg afglöp í starfi sínu og teljum að hann eigi ekki að snúa aftur til starfa. Stjórn ÆSKP fagnar þeirri ákvörðun Hr. Karls Sigurbjörnssonar að sr. Gunnar skuli ekki snúa aftur til starfa við Selfosskirkju. Ákvörðun Hr. Karls sýnir í verki það sem Biskup Íslands hefur ítrekað orðað í ræðu og riti að æska landsins skiptir kirkjuna höfuðmáli. ÆSKP stendur heilshugar með ákvörðuninni og telur stjórnin hana nauðsynlega til að standa vörð um börn í æskulýðsstarfi Þjóðkirkjunnar.

Margrét Ólöf Magnúsdóttir, formaður ÆSKP
 Sigurvin Jónsson, gjaldkeri ÆSKP
 Kristján Ágúst Kristjánsson, ritari ÆSKP
 Jóna Lovísa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ÆSKP